

**34. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stíllholti 16-18,  
19. maí 2016 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir fundinum liggur erindi Vilborgar Þórunnar Guðbjartsdóttur oddvita Bjartrar framtíðar þar sem hún óskar eftir að fá að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúi þar sem bæði aðal- og varafulltrúi telja sig vanhæfa við meðferð málsins.

Samþykkt 3:0.  
VPG tekur sæti á fundinum.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu ásamt athugasemdum, umhverfisskýrslu, undirskriftarlistum, minnisblaði Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. og umsögn um athugasemdir dags. 19. maí 2016.

Ívar Pálsson, hrl., situr fundinn.

*Fundarmenn samþykkja fyrirbyggjandi umsögn dags. 19. maí um athugasemdir vegna tillögunnar með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.  
Samþykkt 3:0.*

*Varaformaður lagði fram svohljóðandi tillögu:*

*Lagt er til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar um athugasemdir dags. 19. maí og minnisblaðs Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. þar sem fram kemur að HB Grandi hf. muni ekki starfrækja fiskþurrkun á Akranesi náist ekki markmið um lágmörkun óþæginda vegna lykta.*

*Samþykkt 2:0 (RÓ og KHÓ) (VLJ situr hjá)*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:32.**

Rakel Óskarsdóttir  
Kristjana H. Ólafsdóttir  
Vilborg Þ. Guðbjartsd.  
Valgarður L. Jónsson

Karitas Jónsdóttir  
Stefán Þór Steindórsson  
Sigurður Páll Harðarson  
Steinar Adolfsson